

Reykjavík, 19. mars, 2014

EFNI:

Tillaga verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um færslu Hvammsvirkjunar í Neðri-Þjórsá í orkunýtingarflokk.



NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna, gerir alvarlegar athugasemdir við þá ákvörðun verkefnisstjórnar 3. áfanga Rammaáætlunar að gera tillögu um að flytja Hvammsvirkjun úr biðflokki yfir í nýtingarflokk. NASF hefur það markmið að vernda og efla villta laxa- og silungsstofna, m.a. með því að veita stjórnvöldum og raforkufyrirtækjum ráðgjöf í samræmi við álit sérfræðinga í lífsferli laxfiska.

Umhverfismat, sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru byggðar á, er frá árinu 2003 og því úrelt og formlega útrunnið. Matið er auk þess ófullnægjandi og sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum hafa bent á fjölda rannsókna sem nauðsynlegt er að fram fari áður en lengra er haldið. Lista yfir þær rannsóknir er að finna í fylgiskjali með umsögn þessari. Ennfremur má benda á að hönnun virkjananna hefur hvað eftir annað tekið verulegum breytingum frá árinu 2003. Umhverfismat þarf að sjálfsgöðu að taka mið af núverandi hönnun, en ekki þeim drögum sem voru á teikniborðinu fyrir meira en áratug síðan.

Landeigendur við Þjórsá hafa árum saman unnið markvisst að því að bæta lífsskilyrði fyrir laxfiska í ánni. Sú vinna hefur skilað sér í stórauðinni laxagengd og gríðarlegri verðmætaaukningu fyrir veiðiréttarhafa. Að öllu óbreyttu væri ekki óeðlilegt að áætla að vöxtur laxfiskastofna í Þjórsá gæti haldið áfram, en með fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum hefur þessum framförum verið teflt í tvísýnu. Fyrir þennan hagsmunahóp er afar mikilvægt að vel sé staðið að rannsóknum í ánni, svo mögulegt verði að meta hvort og hversu mikið tjón veiðiréttarhafar muni bera verði virkjað í Neðri-Þjórsá. NASF óttast að Landsvirkjun geri sér ekki grein fyrir þeim miklu verðmætum sem felast í fiskistofnum í Neðri-Þjórsá, sem við metum sem tugmilljarða virði. Fróðlegt væri að gera úttekt á fjárhagslegum og náttúrulegum verðmætum á þessu svæði og bera saman hagsmuni og fjárhagslegan ávinning af mismundi nýtingarkostum árinna og umhverfis hennar.

Verkefnisstjórn Rammaáætlunar skipaði haustið 2013 faghóp sem skyldi meta hvort fyrirliggjandi upplýsingar um áhrif virkjana í Neðri-Þjórsá hefðu dregið nægilega úr óvissu til þess að unnt væri að skipa einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk, en athugasemdir sem fram komu eftir fyrstu tillögu verkefnisstjórnar leiddu í ljós að verulega skorti á að umhverfisskilyrði fyrir virkjuninni hefðu verið uppfyllt. NASF hefur áður gert athugasemdir við það að óeðlilegt sé að faghópurinn hafi fengið jafn leiðandi fyrirmæli og raun ber vitni, auk þess sem honum hafi verið gefinn afar naumur tími til að kynna sér fyrirliggjandi gögn og taka afstöðu til þeirra.

Faghópurinn taldi réttlætanlegt að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk, fyrst og fremst á þeim forsendum að virkjunin hefði áhrif utan náttúrulegs útbreiðslusvæðis göngufiska. Er þar vísað til þess að árið 1991 var gerður fiskvegur við fossinn Búða en hann opnaði nýtt göngusvæði laxfiska ofan fossins. Þetta svæði er í dag áætlað vera um 48% af útbreiðslusvæði laxa á vatnasviði Þjórsár. Þrátt fyrir það virðist faghópurinn telja að þessi hluti laxastofnsins sé lítilvægur og á einhvern hátt minna virði en sá lax sem lifir neðar í ánni, eingöngu vegna þess að hann nam land fyrir tilstuðlan fiskvegar sem gerður var fyrir nærri aldarfjórðungi - sem telst vera nær einn mannsaldur í hefðbundnu tímatali.

NASF getur alls ekki fallist á þessi sjónarmið og telur forkastanlegt að búsvæðum ofan Búða sé stefnt í hættu með því að ráðast í Hvammsvirkjun sem eins konar tilraunaverkefni til að meta áhrif virkjana á


raunhæfar lífslíkur laxfiska. Auk þess er fullkomlega órökrétt að gera greinarmun á þeim fiski sem lifir ofan og neðan fossins Búða, heldur ber að líta á útbreiðslusvæði fisksins eins og það er í dag sem eina heild. Fiskvegurinn við Búða var reistur árið 1991 í þeim tilgangi að bæta landeigendum upp breytingar sem höfðu orðið á lífríkinu vegna eldri virkjanaframkvæmda á vatnasvæði Þjórsár. Stiginn getur á engan hátt talist mótvægisáðgerð vegna þeirra framkvæmda sem nú eru fyrirhugaðar, eins og Landsvirkjun hefur látið í veðri vaka, og ekki er annað hægt en að meta áhrif fyrirhugaðra virkjana á umhverfið eins og það er í dag - enda hafa framtíðaráform íbúa og verðgildi eigna þeirra í nær heilan mannsaldur miðast við núverandi aðstæður en ekki það lífríki á Íslandi sem kann að hafa verið til staðar fyrir landnámsöld.

Undanfarin ár hafa samskipti NASF við Landsvirkjun verið mjög stíð. Ítrekað hefur verið leitað eftir svörum við spurningum um rennsli, búsvæði, mótvægisáðgerðir og margt fleira í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir í Neðri-Þjórsá. Þessum erindum hefur í engu verið sinnt. Skortur á svörum og þar með upplýsingum hefur gert NASF afar örðugt að uppfylla þær skyldur sínar að veita Alþingi, ráðuneytum og hagsmunaaðilum umsagnir. Jafnframt hefur komið á daginn að Landsvirkjun hefur sent verkefnisstjórn töluvert af gögnum, til að mynda ýmis minnisblöð í tengslum við mótvægisáðgerðir, sem aldrei hafa verið gerð opinber. Í ljósi þess fer NASF fram á að frestur verði gefinn til að skila inn umsögnum, svo tími gefist til að fara yfir umrætt efni og ráðgast við erlenda sérfræðinga sem starfa fyrir NASF.

Hjálögð eru eftirfarandi gögn sem NASF vill koma á framfæri við verkefnisstjórn að þessu sinni:

- Fyrri umsögn NASF um flutning Hvammsvirkjunar í orkunýtingarflokk, dags. 13. desember 2013
- Samantekt á helstu rannsóknum sem þurfa að fara fram áður en raunhæft er að taka frekari ákvarðanir um Hvammsvirkjun
- Bréf frá NASF til dr. Margaret Filardo, þar sem óskað er eftir svörum við spurningum um fyrirbyggjandi þekkingu á Þjórsá, mótvægisáðgerðir o.fl.
- Svarbréf við fyrirspurnum NASF frá dr. Margaret Filardo, sérfræðingi í laxfiskum og virkjunum hjá Fish Passage Center í Oregon, Bandaríkjunum
- Mat á skýrslu Skúla Skúlasonar og Haraldar Rafns Ingvasonar (Hólum, 2013) sem unnið var af dr. Margaret Filardo
- Minnisblað frá Hans-Petter Fjeldstad um virkjanir í Neðri-Þjórsá og áhrif þeirra á laxfiska
- Athugasemdir við minnisblað um laxaseiði og hverfla sem unnið var af Sigurði Guðjónssyni og Helga Jóhannessyni
- Kæra, send Ríkisendurskoðun, vegna ráðstöfunar Landsvirkjunar á fjármunum skattgreiðenda

Fyrir hönd NASF,



Orri Vigfússon

**NORTH ATLANTIC SALMON FUND,**

Skipholti 35, 105 Reykjavík, Iceland

Tel: + 354 568 6277 - Fax: +354 588 4758 - [nasf@vortex.is](mailto:nasf@vortex.is) - [www.nasfworldwide.com](http://www.nasfworldwide.com)